

Framtíðarsýn í málefnum aldraðra

2026-2034



Inngangur

Í upphafi árs 2025 var tekin ákvörðun um að móta framtíðarsýn í málefnum aldraðra í sveitarfélaginu til næstu tveggja kjörtímabila. Lagt var upp með að móta stefnu sem væri markmiða- og aðgerðabundin með skýrum hætti, þannig að niðurstaðan væri gagn sem auðvelt væri að vinna eftir og mæla árangur af, samfélaginu öllu til hagsbóta!

Vinnuhópur

Til að fylgja verkefninu eftir var skipaður vinnuhópur sem bar ábyrgð á framgangi þess. Starfsmenn vinnuhópsins voru Skúli Ingibergur Þórarinsson, sviðsstjóri velferðarsviðs og Sigrún Bessý Guðmundsdóttir, stjórnandi stuðnings- og virknipjónustu. Tveir fulltrúar frá Félagi eldri Hornfirðinga voru Ari Jónsson og Guðbjörg Jónsdóttir. Fulltrúar pólitíkur voru Tinna Rut Sigurðardóttir f.h. bæjarstjórnar, Íris Heiður Jóhannsdóttir f.h. velferðarnefndar og Ásgerður Gylfadóttir f.h. öldungaráðs. Þá var fulltrúi HSU Kolbrún Rós Björgvinsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Samráð

Lögð var áhersla á viðtækt samráð við íbúa. Tvær vinnustofur voru haldnar í Ekrinni á vordögum 2025, drög voru lögð fyrir öll íbúaráð sveitarfélagsins, íbúafundir voru haldnir í dreifbýli og drög voru lögð fyrir allar fastanefndir sveitarfélagsins.



Heildarstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Framtíðarsýn í málefnum aldraðra er undirstefna heildarstefnu sveitarfélagsins, Hornafjörður - Náttúrulega! Heildarstefnan var unnin árið 2019 og tók formlega gildi 2021 og varir út árið 2025. Vinna við endurnýjun hennar er í fullum gangi og verður afrakstur þeirrar vinnu kynntur í ársbyrjun 2026.

Hornafjörður - Náttúrulega! Byggir á fjórum stoðum sem leggja áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Framtíðarsýn Hornafjörður - Náttúrulega!

Sveitarfélagið er eftirsóknarverður og fjölskylduvænn búsetukostur sem fólk vill sækja heim. Mannlíf og lífsgæði blómstra í sátt og samlyndi við umhverfi og náttúru. Fólk hefur hér jöfn tækifæri í velferðarsamfélagi og þjónusta er framúrskarandi. Menning er lifandi og öflug nýsköpun til staðar

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru samþykkt af aðildarríkjum þess og er með samstilltu átaki ætlað að bæta líf og heilsu mannkyns og jarðar.

Markmiðin 17 eru margþætt, metnaðarfull og mynda, með 169 undirmarkmiðum, samræmda heild innanlands og alþjóðlega.

Stefna Hornafjarðar byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Byggt á áhættu- og mikilvægisgreiningu sem unnin var fyrir sveitarfélagið. Þar er lögð áhersla á ellefu heimsmarkmið og þau tengd við megin áherslupætti stefnunnar.

Framtíðarsýn í málefnum aldraðra, áherslur, markmið og aðgerðir hennar vinna að átta heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Gott að eldast - Virðir en ekki Byrðir

Framtíðarsýn Sveitarfélagsins Hornafjarðar tekur mið af Gott að eldast sem er aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum aldraðra fyrir árin 2023-2027.

Aðgerðaáætlunin byggist á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og viljayfirlýsingu félags- og vinnumarkaðsráðherra, heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands eldri borgara um að auka samstarf um málefni eldra fólks.

Þverfaglegt samstarf félags- og heilbrigðisþjónustu er grundvallaratriði til að ná fram samlegðaráhrifum fagþekkingar á hvoru sviði fyrir sig og tryggja þannig betri þjónustu við stækkandi þjóðfélagshóp, m.a. með samþættingu á þjónustu, forvörnum, heilsuefningu og aukinni virkni.

Gott 
að eldast

Stoðir



Fjölbreytt
ÞJÓNUSTA



Inngildandi
SAMFÉLAG



Sjálfstætt
LÍF

Áhersla

Við viljum veita þjónustu sem eflir einstaklinginn og stuðlar að því að eldra fólk geti búið sem lengst í heimahúsi og fengið stuðning við þá þætti daglegs lífs sem ýta undir sjálfstæða búsetu. Þjónusta skal miða að því að rétt þjónusta sé veitt á réttum tíma af réttum aðila, bæti lífsgæði, líðan og efli félagsleg tengsl þjónustuþega.



Fjölbreytt
ÞJÓNUSTA

Fjölbreytt þjónusta



Markmið

- Að veita framúrskarandi þjónustu til þeirra sem á henni þurfa að halda, þegar þeir þurfa á henni að halda, og þar sem þeir þurfa á henni að halda
- Þjónusta skal miða að því að einstaklingar geti búið sem lengst heima, við sem mest lífsgæði og áhersla lögð á andlega heilsu og félagsleg tengsl
- Efla samstarf milli stofnana sem sinna öldrunarþjónustu

Aðgerðir

- Full samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun og vinna að samkomulagi um samnýtingu aðstöðu og sérfræðinga milli SVH, HSU og Skjólgarðs
- Vinna þjónustukönnun á öldrunarþjónustu sem framkvæmd er árlega. Könnunin skal meta gæði þjónustunnar og kalla eftir tillögum til að bæta hana og þróa
- Þróa verklag um öldrunarráðgjöf sem er aðgengileg í Ekrinni og fyrir íbúa dreifbýlis
- Vinna gæðaúttekt á þjónustu stuðnings- og virknipjónustu við eldri borgara og vinna aðgerðaáætlun samhliða með það að markmiði að bæta þjónustu við alla óháð búsetu í sveitarfélaginu
- Endurbætur á jarðhæð Ekrunnar. Unnin verði heildarhönnun í samráði við FeH og Húsfélag Ekrunnar. Í kjölfarið verði farið í endurbætur með það að markmiði að bæta aðstöðu til félagsstarfs, dagvistar og útiveru

Áhersla

Við búum í fjölbreyttu samfélagi þar sem taka þarf tillit til ólíkra hópa með ólíkar þarfir. Við viljum skapa samfélag fyrir alla, óháð bakgrunni og uppruna.

Upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar, skiljanlegar og ná til allra.

Aldraðir þurfa að hafa aðgengi að fjölbreyttri afþreyingu og virkni sem hentar þörfum hvers og eins og mikilvægt að upplýsingar um það séu aðgengilegar og skiljanlegar.



Inngildandi
SAMFÉLAG

Inngildandi samfélag



Markmið

- Að eldri borgarar hafi aðgengi að fræðslu og forvörnum sem eykur hæfni þeirra til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og bæti lífsgæði þeirra
- Að upplýsingar séu aðgengilegar öllum, en einnig á formi sem henti öllum í samfélaginu

Aðgerðir

- Setja á fót spretthóp sem er ætlað að meta gæði og framtíð verkefnisins "Heilsupjálfun Höfn" og heilsueflingar eldri borgara í Hornafirði almennt
- Vinna aðgerðabundna fræðslu- og forvarnaráætlun fyrir eldri borgara og tryggja að fræðsla sé aðgengileg öllum innan sveitarfélagsins
- Gera könnun meðal erlendra íbúa sem snýr að því hvort þeir sjái fyrir sér að búa í sveitarfélaginu á efri árum og hvað er þeim mikilvægt í þjónustu við eldra fólk
- Vinna aðgengisúttekt á stofnunum og innviðum sveitarfélagsins og úrbótaáætlun
- Halda kynningarfundum um þjónustu við aldraða árlega. Fundir verði haldnir í dreifbýli jafnt sem þéttbýli en ávallt aðgengilegir í gegnum fjarfundarbúnað
- Koma á fót samstarfi þvert á stofnanir sveitarfélagsins við útgáfu fréttabréfs eða upplýsingaveitu

Áhersla

Við viljum tryggja að allir geti búið sem lengst heima og hafi aðgengi að viðeigandi húsnæði sem fellur að fjárhag og þörfum eldri borgara. Aðgengi að öldrunarþjónustu sem stuðlar að sjálfsstæði einstaklingsins þarf að vera auðvelt og auðsótt. Nýta þarf velferðartækni við veitingu þjónustu með það að markmiði að bæta lífsgæði og upplifun þjónustuþega.



Sjálfstætt
LÍF

Sjálfstætt líf



Markmið


- Byggja upp fjölbreytt húsnæði sem þjónustar fjölbreyttum hópi eldri borgara í öllu sveitarfélaginu
- Leggja áherslu á að öll þjónusta miði að því að eldra fólk geti búið sem lengst heima með sérstöku tilliti til nýtingu á velferðartækni
- Að gert sé ráð fyrir húsnæði fyrir alla í skipulagi og að í boði sé húsnæði sem henti þörfum hvers og eins

Aðgerðir

- Gera upplýsingar um velferðartækni fyrir þjónustunotendur aðgengilegar og kynna þær reglulega fyrir þeim
- Koma á samstarfi við fyrirtæki og stofnanir um nýtingu og kaup á tæknilegum lausnum
- Vinna þarfagreiningu vegna þjónustuíbúða fyrir eldri borgara og öðrum sérhæfðum búsetuúrræðum
- Endurskoða deiliskipulag á Víkurbraut S3 og reit heilbrigðisstofnunarinnar með það að markmiði að mótaður verði "velferðarklasi"
- Vinna kostnaðargreiningu fyrir rekstur þjónustu- og öryggisíbúða og næturvaktar hjá þjónustunni heim
- Kanna möguleika á samkomulagi við óhagnaðardrifin leigufélög um uppbyggingu á leiguhúsnæði fyrir eldri borgara bæði í þéttbýli og dreifbýli

TÍMALÍNA AÐGERÐA

FRAMTÍÐARSÝN Í MÁLEFNUM ALDRAÐRA



Framtíðarsýn í málefnum aldraðra 2026–2038

velferd@hornafjordur.is

www.hornafjordur.is

470-8000

